

Minjagarður að Hofsstöðum

Minnisblað menningar- og safnanefndar Garðabæjar

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 15. janúar 2015 var samþykkt að vísa til bæjarráðs Garðabæjar tillögu um að fylgja eftir hátíðarsamþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar frá ársbyrjun 2001 um minjarnar við Hofsstaði og uppbyggingu þar. Tillagan, sem lögð var fram ásamt greinargerð, hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að fylgja eftir tillögu um byggingu minjaskála við Hofsstaði, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar í ársbyrjun 2001.“

Bæjarráð vísaði tillögunni til umfjöllunar menningar- og safnanefndar á fundi sínum 10. febrúar sl.

Formaður menningar- og safnanefndar ásamt upplýsinga- og menningarfulltrúa héldu stuttan hugarflæðisfund í lok febrúar 2015 með fyrrum formanni menningar- og safnanefndar og Ragnheiði Traustadóttur fornleifafræðingi þar sem farið var yfir stöðu mála í tengslum við minjagarðinn á Hofsstöðum.

Þá rifjaði formaður menningar- og safnanefndar upp með fyrrum bæjarstjóra, Ingimundi Sigurpálssyni, forsendur fyrir samþykkt bæjarstjórnar frá árinu 2001.

Fornleifarannsókn á Hofsstöðum

Árið 1994 fundust merkar fornminjar við bæinn Hofsstaði, á lóð á milli leikskólans Kirkjubóls og Tónlistarskóla Garðabæjar, við Kirkjulund. Minjarnar voru rannsakaðar af fornleifafræðingum Þjóðminjasafns Íslands á árunum 1994-1998 og var verkefnisstjórn í höndum Ragnheiðar Traustadóttur, fornleifafræðings. Talið er að byggð hafi hafist á Hofsstöðum snemma á 10. öld og að þar hafi verið stundaður hefðbundinn búskapur, vefnaður, sjósókn, rauðablástur og járnsmíði. Við rannsóknirnar fundust m.a. minjar af skála með langeldi sem er næst stærsti skáli frá þessum tíma sem fundist hefur hér á landi. Við skálann fannst einnig soðhola, hringlaga gerði, forn verkfæri, skartgripir og fleira.

Eftir er að klára greiningarvinnu, frágang rannsóknargagna og birtingu niðurstaðna fyrir fræðimenn og almenning. Sú vinna hefur verið áfangaskipt og er í gangi undir stjórn Ragnheiðar Traustadóttur fornleifafræðings og hefur hlotið styrk frá Garðabæ.

Sú hugmynd hefur verið rædd í menningar- og safnanefnd og umhverfisnefnd að gefa afrakstur fornleifarannsóknar á Hofsstöðum út í sérstakri bók en formlegar ákvarðanir þar um liggja ekki fyrir.

Hátíðarsamþykkt bæjarstjórnar 2001

Samþykkt bæjarstjórnar frá 4. janúar 2001 hljóðar svo:

Tillaga um minjaskála við Hofsstaði: „Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að vinna að byggingu minjaskála við Kirkjulund í samræmi við teikningu arkitektastofunnar Hornsteina, dags. í október

2000. Bæjarstjórn samþykkir að fela skipulagsnefnd að vinna að breytingu á deiliskipulagi byggingarreits á miðbæjarsvæði með það í huga að reisa megi minjaskálann á grundvelli fyrirbyggjandi teikninga.“

Greinargerð: „Fornleifauppdráttur við Hofsstæði hefur skapað óvenjulegar aðstæður, þar sem landnámsöldin kallast á við daglegt líf nútímans með einstökum hætti. Minjaskálinn mun tengjast fornleifasvæðinu og stuðla að aðgengilegum upplýsingum um landnám og sögu byggðar í Garðabæ, en í skálanum er m.a. ætlunin að veita gestum tækifæri til þess að ferðast um sögusviðið með aðstoð nýjustu upplýsingatækni.“

Í greinargerð arkitektastofunnar Hornsteina með teikningu sem vísað er til í samþykkt bæjarstjórnar segir m.a.: „Byggingin þarf að virka hvetjandi og aðlaðandi, enda ætlað að örva áhuga bæjarbúa og gesta þeirra á sögulegum minjum sem eiga sér fáar líkar á þéttbýlissvæði. Við mótun skálans hefur verið tekið mið af nýjum hugmyndum um slíkar skálabyggingar, sem eru að ryðja sér til rúms í nágrannalöndunum; þar er miðlun upplýsinga í fyrirrúmi, en frekar fáir gripir mynda uppistöðu sýninga. Útlit skálans hefur á sér ákveðinn blæ hráleika, líkt og minjarnar sem hann tengist; ytra borð hans yrði klætt steinflögum en önnur byggingarefni eru stál, timbur, gler og torfgrjót.“

Rýmisskipting skálans var í stórum dráttum hugsuð með eftirfarandi hætti: Inngangur frá suðri/móttaka með móttökuaðstöðu og upplýsingaborði; fatahengi og snyrtingar; skrifstofuherbergi fyrir umsjónarmann/ safnkennara; sýningarsalur/sögusvið (um 250 fm með allt að 8 m lofthæð) þar sem gestir ferðast um sýningarrými á skábraut sem tengir saman inngang á neðra plani við útgang á efra plani, sem liggur í átt til minjasvæðisins; fyrirlestrasalur (um 60 fm, 40 manns í sæti).

Heildarstærð skálans samkvæmt tillögunni var um 390 fm. Kostnaðarvísibending 100-130.000 kr/fm, samsvarar í dag um 250-330.000 kr/fm (BVT 617,1/245,1). Auk þess kæmi til kostnaður vegna sérsýninga.

Minjagarður vígður 2004

Þegar ljóst var hversu merkar fornminjarnar á Hofsstöðum voru ákvað bæjarstjórn Garðabæjar að þær skyldu varðveittar og umhverfi þeirra gert aðlaðandi og aðgengilegt almenningi. Farin var sú leið að hanna og setja upp minjagarð sem umlykur minjarnar. Garðurinn er hannaður af Ragnhildi Skarphéðinsdóttur, landslagsarkitekt, í samráði við Ragnheiði Traustadóttur, fornleifafræðing.

Í framhaldi af hönnun minjagarðsins var samið við fyrirtækið Gagarín um framleiðslu og hönnun á gagnvirkum kynningarefni þar sem saga staðarins og fólksins sem þar bjó voru gerð skil. Margmiðlunarefninu hefur verið miðlað með snertiskjám sem komið er fyrir í sérstökum stöndum í garðinum. Garðurinn fékk norræn verðlaun, NODEM, árið 2004 fyrir notkun stafrænnar tækni í safnastarfi.

Minjagarðurinn á Hofsstöðum er aðili að Samtökum um sögutengda ferðaþjónustu. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp um hvernig megi efla minjagarðinn enn frekar og nú er svo komið að gera þarf ýmsar endurbætur á garðinum til að hann geti staðið undir nafni og varðveitist til framtíðar.

Staða minjagarðsins um þessar mundir – nýjar hugmyndir

- **Standar, tölvur og skilti í minjagarðinum**

Undanfarin ár hafa verið gerðar endurbætur á tölvum í minjagarðinum, síðast sumarið 2014. Gera þarf nýja úttekt á stöðu tölvubúnaðar sem er ekki alltaf að virka sem skyldi. Fækka mætti stöndum og ef til vill þarf að láta breyta stöndum út frá tölvubúnaði/ nýjum snertiskjám.

Endurbæta þarf skilti í garðinum, bæta inn nýjum upplýsingum sem koma út úr rannsóknarskýrslum um fornleifarnar sem verið er að vinna að og fækka tungumálum á skiltum.

- **Merkingar og aðkoma að Hofsstöðum / tenging við miðbæ**

Huga þarf strax að merkingum fyrir minjagarðinn. Útbúa þarf stærri skilti við veg sem sýna minjagarð, þarf að skoða í samstarfi við þjónustumiðstöð Garðabæjar og Vegagerðina.

Mikilvægt er að góð aðkoma sé frá miðbæ Garðabæjar að minjagarðinum og að augljóst sé hvernig eigi að fara í minjagarðinn. Það væri hægt að gera með betri merkingum.

Einnig þarf að huga að merkingum almennt í bænum varðandi þjónustu, menningu og náttúru. Hægt væri að útbúa einhvers konar sögustíg frá miðbæ Garðabæjar að Hofsstöðum þannig að „nýi bærinn tengist þeim gamla“.

- **Markaðssetning og kynning á minjagarðinum / fræðsluefni fyrir skóla**

Margmiðlunarefnið sem er aðgengilegt á stöndunum í minjagarðinum þyrfti að komast á Netið. Garðurinn yrði um leið þekktari og áhugaverðara fyrir fólk að fara á staðinn og skoða minjarnar. Jafnframt því að færa gögnin yfir á það form sem þarf til að birta á netinu væri æskilegt að fara yfir efni þess og skoða hvort uppfæra þurfi efnið og/eða gera á því breytingar.

Útbúa þarf námsefni fyrir kennara og skóla sem hægt er að kynna nemendum áður en minjagarðurinn er heimsóttur. Slíkt efni væri einnig til notkunar eftir heimsókn skóla/nemenda í minjagarðinn. Áður hefur verið sótt um fjárstyrk til Námsgagnastofnunar til slíks verkefnis. Skoða þyrfti með hvaða hætti væri best að fjármagna og útbúa slíkt námsefni.

Hugsa mætti sér aðkomu grunnskóla og leikskóla bæjarins að gerð fræðsluefnis fyrir nemendur sína um minjagarðinn á Hofsstöðum og þá jafnvel með fjárframlagi frá nýstofnuðum þróunarsjóðum grunn- og leikskóla ef eftir væri leitað.

- **Rannsóknarvinna um fornleifauppgröftinn – skýrslur**

Skoða þarf hvernig hægt verður að nýta það efni sem verður til við rannsóknarvinnu sem er í gangi um Hofstaði og hvernig hægt sé að bæta upplýsingar fyrir gesti garðsins, t.d. með útgáfu á nýjum skiltum í minjagarðinum og uppfærslu á margmiðlunarefninu, eins og áður er vikið að.

Skoða þarf hvernig hægt er að samnýta útgáfu á rannsóknarvinnu í bókarformi við hlutverk minjagarðsins.

Mikilvægt er þegar fram líða stundir að tengja Hofsstaði við Urriðakot. Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, telur að í framtíðinni verði sá fornleifauppgröftur jafnvel enn þekktari en fornleifauppgröfturinn á Hofsstöðum.

- **Sýningarhald á munum og gripum tengdum Hofsstöðum**

Munir sem fundust í uppgreftinum á Hofsstöðum eru í dag í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Á þeim bæ hefur verið rætt um að hafa sérstaka sýningu á gripunum.

Kanna þarf hvort mögulegt sé að fá að sýna staka muni í Garðabæ við sérstök tækifæri, t.d. næluna sem fannst á Hofsstöðum eða silfurhringinn frá Urriðakoti.

- **App um fornminjar og aðra merkisstaði í Garðabæ**

Skoða þarf hvaða möguleikar eru til staðar við að láta útbúa app / smáforrit fyrir síma og tölvur sem sýna merkisstaði í Garðabæ, gönguleiðir, náttúru- og fornminjar o.fl.

Greina þyrfti hvað á að vera til staðar í slíku appi og skoða í samvinnu ýmissa nefnda Garðabæjar.

Niðurstaða:

Hægt er að sjá fyrir sér ýmis sóknarfæri við áframhaldandi uppbyggingu í kringum minjagarðinn á Hofsstöðum; menningarlegs eðlis, með fræðslugildi og út frá menningartengdri ferðaþjónustu. Menningar- og safnanefnd Garðabæjar tekur jákvætt í að starfshópur verði settur á laggirnar með það hlutverk í farteskinu að leita leiða til að efla hlutverk, starfsemi og uppbyggingu minjagarðsins á Hofsstöðum og styrkja um leið þróun í nýjum miðbæ Garðabæjar.

Starfshópurinn þyrfti að taka til starfa fljótlega og kæmi fram með nákvæmari úttekt, þarfagreiningu og kostnaðargreiningu í tengslum við minjagarðinn að Hofsstöðum og uppbyggingu þar. Starfshópurinn þarf mögulega að geta leitað til utanaðkomandi aðila til ráðgjafar. Æskilegt er að tillögur hópsins liggi fyrir tímanlega næsta haust vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.

Hugsanlega kæmu út áfangaskiptar tillögur frá hópnum og þá gætu skapast skilyrði þess að ljúka tilteknum áföngum í tilefni þess að á árinu 2016 eru 40 ár frá því Garðabær fékk kaupstaðarréttindi.

Garðabæ, 8. maí 2015.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar